

**REGLUGERÐ****fyrir Bifreiðalánasjóð héraðslækna.****1. gr.**

Sjóðurinn heitir Bifreiðalánasjóður héraðslækna.

Hlutverk hans er að lána héraðslæknum, sem eru að hefja héraðslæknisstörf, fé til bifreiðakaupa.

**2. gr.**

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00 — ein milljón krónur — er rikissjóður leggur fram samkvæmt 14. gr. læknaSKIPUNARLAGA nr. 43/1965.

**3. gr.**

Stjórn sjóðsins skal vera í höndum þriggja manna, sem heilbrigðismálaráðherra skipar. Skal einn þeirra vera tilnefndur af stjórn Læknafélags Íslands, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar.

**4. gr.**

Stjórn sjóðsins ákveður lánsupphæð, lánstíma og lánskjör. Stjórn sjóðsins skal leita umsagnar landlæknis um lánsúmsóknir.

**5. gr.**

Héraðslæknir, sem fær lán úr sjóðnum skal skuldbinda sig til að gegna héraði samfellt í 1 ár að minnsta kosti.

**6. gr.**

Stjórn sjóðsins ákveður hvaða tryggingu hún metur gilda, en sé tekið veð í bifreið læknisins, skal hún vera húftryggð og veðið ná til tryggingarandvirðisins. Lántaki greiðir kostnað af lánþökunni, svo sem þinglýsingar- og stimpilgjald.

**7. gr.**

Heimilt er sjóðsstjórninni að fela bankastofnun útborgun lána, bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. læknaSKIPUNARLAGA nr. 43/1965, öðlast þegar gildi.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. apríl 1966.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jón Thors.*